

Nd.

224. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðatærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.

2. gr.

Á eftir 3. málsg. 4. greinar komi ný málsgrein, er verður 4. málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stendur svo á, sem segir í 2. málsgrein 1. gr., og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda kjósandans ásamt einum atkvæðisbærum manni.

3. gr.

Á eftir 4. málsgrein 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú vill húsráðandi sjálfur greiða atkvæði, er svo stendur á, sem segir í 2. málsgrein 1. greinar, og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda í nágrenni við hann.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.– 5. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30.-nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.